

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2022

EFNI: UMSÖGN UM FRUMVARP TIL FJÁRLAGA FYRIR ÁRIÐ 2023, MÁL 1 OG FRUMVARP TIL LAGA UM Breytingar á ýmsum gjöldum, MÁL 2.

Við hjá UMFÍ – Ungmennafélagi Íslands – höfum rýnt í fjárlagafrumvarp ársins 2023 og breytingar til laga á ýmsum liðum. Þar er margt gott og jákvætt að sjá. En að mati okkar rímar fjárlagafrumvarpið ekki við þær væntingar sem settar voru fram í einkar metnaðarfullri fjármálaáætlun fyrir aðeins tveimur árum síðan. Sú áætlun var til fimm ára og nær því til ársins 2025.

Í Fjármálaáætluninni voru settar fram nýjungar og mögulegt að sjá tímabæra uppstokkun á einstökum liðum til fjárlaga. Þær helstu sem snúa að íþróttá- og æskulýðsstarfi eru breytingar á lögum um skatta og gjöld (skattalegra hvata vegna starfsemi til almannaheilla). Þetta voru stór og áhugavert skref sem fela í sér gríðarlega breytingu til batnar fyrir íþróttahreyfinguna. En breytingar eins og þær sem þar eru boðaðar taka langan tíma og þurfa rými til að þróast þar til þær skila árangri.

Nú eru þrjú ár í að tíma fjármálaætlunarinnar lýkur og afar stutt síðan skattalegu hvatarnir urðu að veruleika.

Auðvitað er alltaf hægt að gera gott verk betra og UMFÍ vill því vekja athygli á eftirfarandi.


RÍKISFRAMLAG

UMFÍ og íslensk félagasamtök eru ekki eyland. Eins og fram kemur kemur í skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og horfur þá eru þær svipaðar hér og í samanburðarlöndum.¹ Þar er útlitið ekki bjart til skamms tíma. Tekið er undir svartsýnar spár í Þjóðhagsspá Hagstofunnar að sumri. Þar kemur fram að verðbólguhorfur hafi versnað talsvert. Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækkun um 7,5% milli ársmeðaltala í ár og að verðbólga hjaðni eftir það, fari í 4,9% árið 2023 og niður í 3,3% árið 2024. Eftir það að gert ráð fyrir að verðbólga nálgist

¹ Fjármálastöðugleiki 2022. Seðlabanki Íslands (2022), 31. Rit. 28. september 2022, bls. 7-8. (Sjá: https://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/FS/2022/Fjarmalastodugleiki_2022_2.pdf).

2,5% verðbólguþétt Seðlabankans. Til viðbótar við þetta er spennan á vinnumarkaði og mikil eftirspurn eftir faglærðu starfsfólki.

Þróun varðandi ríkisframlag hefur þó stefnt í þessa átt í töluverðan tíma. Hér að neðan má sjá þróun ríkisframlags UMFÍ frá árinu 2008 þegar það lækkaði í fjármálakreppunni. Þessi mynd sýnir með afar skýrum hætti að ef ríkisframlagið hefði haldið í við verðlag væri það nánast tvöfalt hærra en það er nú.



MEIRI FAGMENNSKA OG KRÖFUR

Ríkisframlagið er UMFÍ og öðrum íþrótt- og æskulýðssamtökum gríðarlega mikilvægt enda veitir það fólki innan félagsamtaka eins og UMFÍ aukin tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi, óformlegu námi og iðkun fjölbreyttra íþróttum allt land.

Félagastarfið er ekki aðeins gefandi fyrir einstaklinga. Það er margþættara en svo. Starf innan skipulags íþrótt- og æskulýðsstarfs er gefandi fyrir þá sem þátt taka í því og hefur líkamleg og jákvæð áhrif, sem gefa af sér áfram til samfélagsins.

Vinna starfsfólks UMFÍ og íþrótt- og ungmennafélaga hefur breyst mikið í samræmi við meira umfang, aukinn fjölbreytileika og auknar kröfur um gæði. Innan flestra félaga er kappkostað að búa til leiðir og tryggja að allir geti tekið þátt og verið á öruggum og góðum vettvangi. Þessi breyting krefst útsjónarsemi, fagþekkingar og sérhæfingar.


MARGFELDISÁHRIF FÉLAGASAMTAKA

Stuðningur við íþróttá- og æskulýðsstarf er allra hagur og fjölmargar rannsóknir til um að hver króna sem varið er til starfsins skili sér margfalt tilbaka. Með það í huga mælum með því að hið opinbera hækki framlög til málaflokksins, til eflingar íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Aðildarfélög UMFÍ eru um 450 félög um allt land í gegnum 26 sambandsaðila sem eru íþróttahéruð og félög með beina aðild.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ